




Anna C. Leplar  
Margrét Tryggvadóttir

# Skoðum myndlist

Heimsókn í Listasafn Reykjavíkur









# Skoðum myndlist

*Heimsókn í Listasafn Reykjavíkur*



Anna C. Leplar  
Margrét Tryggvadóttir

## Velkomin í Listasafn Reykjavíkur!

Með þessari bók langar okkur að bjóða þér og fjölskyldu þinni að skoða listaverk. Í fyrri hluta bókarinnar eru listaverk eftir marga íslenska listamenn, bæði gömul og ný.

Okkur langar að biðja þig að skoða verkin með opnum huga, hugsa um hvernig þau voru búin til, velta fyrir þér hvað þú heldur að listamaðurinn vilji segja með verkinu. Munið að hver listunnandi er einstakur.

Engir tveir skilja listaverk á sama hátt og engin ein túlkun er rétt.

Verkin í bókinni eru af ýmsu tagi. Þau eru öll í eigu Listasafns Reykjavíkur og þangað er hægt að fara og skoða miklu fleira: málverk, höggmyndir, ljósmyndir, kvíkmyndaverk og innsetningar.

Aftast í bókinni eru nánari upplýsingar um listaverkin og listamennina sem bjuggu þau til. Þessar upplýsingar eru hugsaðar fyrir eldri börn, foreldra, kennara og aðra sem vilja kynna sér efnið nánar.

Við vonum að þú njótir sýningarinnar!

*Anna C. Leplar og  
Margrét Tryggvadóttir*



Sumarkvöld við Reykjavík • 4  
Láréttar hugsanir • 8  
Systurnar frá Stapa • 12  
Frumherjarnir – Jóhannes • 16  
Við Laufásveg • 20  
Green Grass of Home • 24  
Vatnsberinn • 28  
Hookon-Innkaupahanskar • 32  
Gamla búðin í Grindavík • 36  
Tölvum kennt – Sílikondalur • 40  
Haustsól • 44  
Án titils • 48  
Skjaldbreiður • 52

Sumarnótt á Þingvöllum  
(J.S. Kjarval) • 56  
Íþróttamaður ársins • 60  
Forði • 64  
Andlitavíðáttta • 68  
Allir þekkja alla og allir eru tengdir  
í norðanvindinum út við sjóinn • 72  
Eva yfirgefur Paradís • 76  
Tvær leiðir í syndinni • 80  
Úr fjölleikahúsi • 84  
Áhorfandi • 88  
Skoðum meira • 93



ÞÓRARINN B. ÞORLÁKSSON

*Sumarkvöld við  
Reykjavík*



Ætli þetta sé  
hafmeyja?

Á hvað er hún að  
horfa?

Sérðu ekki skipið?  
Ætli það sé að koma eða fara?





*Pórarinn hefur verið  
kallaður málari blíðunnar.  
Skilurðu af hverju?*







Þessir eru líka að horfa  
á hafið.



En þeir sjá samt ekki  
það sama. Kannski sér  
enginn það sama?

Sjá fullorðnir  
annað en  
börn?



Listamaðurinn notar hugsanablöðrur úr teiknimyndasögum til að sýna okkur að þeir séu að hugsa. Hvað tákna bylgjurnar?

Geturðu fundið fleiri verk í þessari bók sem vísa í teiknimyndasögur?







Eru þessar systur  
alvörustelpur?

Hvaðan koma þær eiginlega?  
Eru þær hluti af  
klettunum?

Ég held að þetta  
séu tröllkonur





Þetta er undirskrift Kjarvals.

Sérðu hvað undirskrift listamannsins er flókin?  
Hún passar vel við málverkið af því að þar eru  
líka svo margar línum.

Hvort finnst þér Systurnar frá Stapa vera  
landslagsverk eða mynd af fólki?



**FRUM**  
HERJARNIR

*Jóhannes*

**H**  
art  
mann  
2005  
JF



*Sæfnid ellum Hórmun*




Ég hef séð svona merki eins og er framan á honum.



Lappirnar á honum eru svo skrýtnar. Er þetta hraun?





Kjarval var einn af frumherjum íslenskrar málaralistar sem þýðir að hann var einn af þeim fyrstu sem starfaði sem málari. Hinir sem hér eru sýndir eru Þórarinn B. Þorláksson, Ásgrímur Jónsson og Jón Stefánsson.





Úff, það hlýtur að hafa  
verið kalt þennan dag. En  
samt er sólskin.




Ég held að þessi mynd sé  
máluð af útsýni út  
um glugga.

Af hverju eru engir  
bílar á götunni?  
Og ekkert  
fólk?



*Sjáið hvernig birtan fellur á hlið  
húsanna og fjallsins? Það segir okkur  
að sólin hefur verið lágt á lofti þegar  
myndin var gerð. Hvenær dags halddið  
þið að myndin sé málud?*







Þetta finnst mér  
flott ferðataska.  
En getur taska verið  
listaverk?



Og hún er full  
af görðum.

Frábært að búa til  
svona garða og taka  
þá með sér hvert  
sem maður fer.





*Verkið er þannig gert að gardarnir  
lokast hver ofan á annan í töskuna.*

*Geturðu séð hvernig það er gert?  
Ef þú ættir svona ferðatösku, hvað  
myndirðu þá setja í hana?*





Af hverju er hún að bera  
svona mikið vatn, er ekki  
krani í húsinu hennar?

Heyrðu, ég hef séð  
þessa styttru áður!



Úff, hvað  
þú ert  
þungur.





*Skoðið líkamsstellinguna.  
Hvernig vitum við að það  
er eitthvað í fótunum?*







Frábært, mig vantar  
svona hanska.

Kannski er hægt að fá  
þá bláa?

Geta hlutir verið  
listaverk?





*Sumum finnst að listaverk eigi að vekja  
okkur til umhugsunar. Finnst þér  
þetta verk gera það?*

Hér hafa venjulegir vinnuhanskar fengið nýtt  
hlutverk. Dettur þér í hug eitthvað annað  
hversdagslegt sem hægt væri að breyta og  
bæta á listrænan hátt?







Það eru bara  
karlar að  
afgreiða.



Ætli konan  
þurfi að kaupa  
mikið?




Svona voru  
búðirnar  
í gamla daga.



Málverk eru yfirleitt gerð á sléttan flöt.  
Listamenn nota ýmsar aðferðir til að skapa  
þrívidað. Það sem á að sýnast nær okkur er haft  
stærra en það sem á að sýnast fjær. Þannig  
höfum við á tilfinningunni að við séum komin  
inn í búðina sem myndin sýnir.







Eru tölvurnar að  
horfa á bíómynd?



Hvað er kennarinn eiginlega  
að kenna? Eru tölvurnar að  
læra að kyssa?

Eru tölvurnar í  
alvöru lifandi?



Erró setur oft saman ólíkar myndir í eitt verk. Er eitthvað við skólastofuna sem minnir þig á búðina á blaðsíðu 37? Hvernig hafa listamennir skapað þrívidd í þessum myndum?







Þessi mynd er bara  
gerð úr hringjum,  
linum og litum.




Ætti myndin ekki  
að heita haustsólin?  
Sólirnar eru svo  
margar.


Hvað ætli  
hringirnir séu  
margir?





*Hringur er eitt af grunnformunum. Hin eru  
ferningur og þríhyrningur. Getur þú gert  
mynd sem er bara úr grunnformum?*





Það er hægt að búa  
til ótrúlega margt úr  
hringjum, þríhyrningum  
og kössum.




Ætli þessir penslar  
hafi málað sig sjálfir?



Af hverju heitir  
myndin Án titils?  
Getur mynd heitið  
Með titli?





Gulur, rauður og blár eru kallaðir  
frumlitirnir. Úr þeim og svörtu og hvítu  
er hægt að blanda alla aðra  
liti í heiminum.






Vá, sjáið þið  
gimsteinana!



Hvað er  
Skjaldbreiður?  
Er það nokkuð  
fjallið þarna langt  
í burtu?



Búa álfar í  
steinunum?




*Myndin heitir „Skjaldbreiður“ eftir fjallinu sem er efst í málverkinu. Fjallið er samt ekki aðalatriðið á myndinni. Mundirðu taka eftir fjallinu ef þú vissir ekki hvað myndin hétí?*




गुरु

Ég veit hvað listaverkið  
þýðir... Skiltið þýðir  
athyglisverður  
staður!

Geta  
umferðarmerki  
verið listaverk?



Þá eru mörg listaverk í  
minni götu ... Frábært.



Listaverkið heitir „Sumarnótt á Þingvöllum“.

Landslagsmyndir með sama nafni eru til  
eftir marga málara, til dæmis Jóhannes  
Kjarval sem málaði Þingvelli dag og nótt.

Slaufan er svolítið lík undirskrift Kjarvals.

Munið þið hvernig hún er?

Er listamaðurinn að segja okkur að líta í  
kringum okkur?







Ég er  
íþróttamaður  
ársins!

Reyndu þá að skora!





Er þetta maður? Af  
hverju er hann ekki  
heill?



*Karl Kvaran notaði bara form og liti í  
myndum sínum. Stundum sjáum  
við samt manneskju eða landslag  
í verkum hans.*





TRYGGVI ÓLAFSSON

*Forði*



Hvað þýðir forði? Á maður  
að forða sér?

Ha! Ég sé hvað þetta  
er: Sjáið þið það?

Þetta eru  
uppáhaldslitirnir  
mínir!





*Listamaðurinn notar bara frumlitina í þessa mynd og svo svart, hvítt og grænt. Ef maður blandar saman bláum og gulum kemur grænn.*



ERRÓ

*Andlitavíðátta*






Hvað ætli  
séu margir á  
myndinni? Sumir  
eru tvisvar.



Hvað er um að vera?  
Sumir eru glaðir, aðrir eru  
reiðir eða hræddir.

Er allt þetta fólk úr  
teiknimyndum?



Pví lengur og betur sem þú skoðar  
svona mynd, þeim mun meira sérðu.  
Andlitin sem eru neðst eru stærri en  
þau sem ofar eru. Skilur þú hvernig  
Erró skapar þrívídd í myndina?

HULDA HÁKON

Allir þekkja alla og allir eru tengdir  
í norðanvindinum út við sjóinn



**ALLIR ÞEKKJA ALLA OG ALLIR ERI**





TENGDIR Í NORDANVINDINUM ÚT VID SJÓINN

Af hverju snýr  
fólkið í báðar áttí  
Er það ekki  
í biðröð?

Það er eins og  
þetta sé úr leir.  
Fólkið og sjórinn  
standa út úr  
verkinu.

Ætli konunum sé  
ekki kalt?






Fólkið er ótrúlega líkt hvert öðru.

Geturðu fundið tvíbura?

Hvað meinar myndlistarmaðurinn  
með þessum titli? Er nauðsynlegt að  
vita hvað myndin heitir?







Mér finnst flott  
hvað konan er  
skrýtin.

Á hvað ætli hún sé  
að horfa? Hvar er  
Adam?




Hún er með epli.  
Er þetta nestið  
hennar?



*Líkami Evu er óvenjulegur í  
laginu. Getum við verið viss um  
að þetta sé manneskja?*







Ég held að þetta tré  
sé úr alveg  
sérstökum garði.

Tré og höggormar ... Þetta  
minnir mig á sögu sem ég  
hef heyrt.

Maður verður  
að passa sig á  
slöngunum.



Þekkir þú söguna af Adam og Evu í Paradís?  
Af hverju heldur þú að höggormarnir séu tveir?



GUÐMUNDUR THORSTEINSSON  
(MUGGUR)

*Úr fjölleikahúsi*



Ég vona að maðurinn  
hafi ekki þurft að lyfta  
konunni mikið!



Það er eins og myndin sé  
ekki kláruð. Fólkið virðist  
hreyfa sig.





*Geturðu fundið grunnformin þrjú í myndinni?*





Er listaverk listaverk  
ef enginn horfir á  
það?

Ja, það er með augu, en  
sér það eitthvað?

Við erum alla vega að  
horfa á það.

Er listaverkið að  
horfa á okkur?





Pú ert áhorfandi! Pú mátt túlka og skilja listaverk eins og þú vilt. Merking listaverks er því ekki alltaf sú sama.

Hvað finnst þér áhugaverðasta  
listaverkið í bókinni? Nú væri gaman  
að skoða þau á safninu!





Skoðum  
meira



## Þórarinn B. Þorláksson (1864-1924)

### Sumarkvöld við Reykjavík, 1904

Ölia á spjald, stærð: 47,5 x 77,5 cm

Fyrsta íslenska myndlistarsýningin var haldin í Reykjavík fyrir rétt rúnum hundrað árum, árið 1900. Listamaðurinn sem hélt hana hétt Þórarinn B. Þorláksson. Árið 1900 var Reykjavík fremur litill bær og lífið með öðrum hætti en nú er. Þar voru engir bílar, engar flugvélar voru til og auðvitað hvorki sjónvörp né tölver.

Þórarinn flutti til Reykjavíkur árið 1885 til að læra að binda inn bekur. Í Reykjavík lærði hann teikningu og árið 1895 sigldi hann til Kaupmannahafnar til að læra að mála. Hann hlaut styrk frá Alþingi til fararinna. Áður höfðu nokkrir Íslendingar, aðallega konur, lært að teikna og mála í útlöndum. Engin þeirra starfaði þó alfaríð við myndlist að námi loknu og sumar héldu aldrei sýningu á verkum sinum.

Þórarinn málaði aðallega landslagsmyndir frá Íslandi. Hann hafði mikil áhrif á aðra listamenn og er einn þeirra sem nefndir hafa verið frumkvöðlar íslenskrar myndlistar.



## Sigurður Guðmundsson (fæddur 1942)

### Láréttar hugsanir, 1970-1971

Svarthvit ljósmynd, stærð: 28,8 x 30,4 cm

Sigurður lærði við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1960-1963. Svo hélt hann til Hollands í framhaldsnám og hefur búið þar og í Kína síðan.

Um 1965 varð til hópur ungra listamanna sem kallaði sig SÚM-hóppinn. Þessir listamenn vildu frekar að listaverk byggðust á frábærri hugmynd en að þau væru falleg. Slikt kallast hugmyndalist (einnig konsept-list). Sigurður var meðal virkstu félaga SÚM-hópsins. Þegar Sigurður tók ljósmynd eins og þessa skipti meira máli að hugmyndin á bak við verkið kæmst til skila heldur en að verkið væri fallegt. Samt eru flestar myndirnar hans mjög flottar og hann er oftast aðalstjarnan á þeim. Hugmyndalistin er ólik hefðbundinni málaralist. Þess vegna urðu margir reiðir þegar hún kom fyrst fram og folk sagðist ekki skilja hvað listamennirnir væru að meina. Rétt eins og Þórarinn var frumkvöðull í málaralistinni var Sigurður frumkvöðull í hugmyndalistinni á Íslandi.



© Sigurður Guðmundsson / Áhrifatíð 2006

## Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885-1972)

### Systurnar frá Stapa, 1948

Ölia á striga, stærð: 100 x 158 cm

Þegar Jóhannes Sveinsson var fjögurra ára var hann sendur af heimili sínu í fóstur til frændfólks í Borgarfirði eystra. Þar ólst hann upp til 17 ára aldurs þegar hann fluttist til Reykjavíkur. Þegar Jóhannes var ungar gátu fæstir valið hvað þeir vildu vinna við. Jóhannes varð sjómaður en alltaf þegar hann gat æfði hann sig í að teikna og mála. Hann var staðráðinn í að verða myndlistarmaður og vissi að til þess þyrfti hann að fara til útlanda að læra. Hann reyndi að komast í listaskóla í London en þegar það tókst ekki settist hann á skólabekk í Kaupmannahöfn. Árið 1922 flutti hann til Íslands aftur. Ungur tók hann sér nafnið Kjarval sem varð listamannsnafn hans.

Myndum Kjarvals er oft skipt i þrjá flokka: teikningar, landslagsverk og fantasíur, en stundum renna þessir flokkar saman. Fantasíur eru þau verk kölluð sem sýna hugarheima en ekki raunveruleika.



© Erfingar Jóhannesar S. Kjarval / Myndlistafélag 2006

## Jóhann Ludwig Torfason (f. 1965)

### Frumherjarnir – Jóhannes, 2005

Tölвуútgátt, stærð: 60 x 45 cm

Jóhann L. Torfason lærði myndlist í Reykjavík. Á undanförnum árum hefur hann unnið myndir af barnaleikföngum eins og þessi mynd er dæmi um. Leikföngin eru ekki til í alvöranni en kannski ættu þau að vera það. Á „umbúðum“ leikfanganna eru oft setningar sem fá okkur til að hugsa um heiminn sem við búum í.

Jóhann teiknar og málar myndirnar í tölvi alveg eins og hann myndi gera ef hann væri að hanna umbúðir utan um alvöru dótt. Tölvumyndirnar eru svo prentaðar á striga. Þetta verk er hluti af myndaröð þar sem Jóhann skapaði ofurhetjudúkkur af frumherjum íslenskrar myndlistar. Það er ekki svo vitlaust því það þurfti ofurvilja til að vera myndlistarmaður þegar þeir voru ungi.



© Jóhann L. Torfason / Myndlistafélag 2006

## Kristín Jónsdóttir (1888-1959)

### *Við Laufásveg, 1938-1939*

Ölia á striga, stærð: 96 x 122 cm

Kristín Jónsdóttir var fyrsta íslenska konan sem gerði myndlistina að ævistarfi sínu, ásamt Júlíónu Sveinsdóttur. Kristín hóf nám í teikningu í Kaupmannahöfn árið 1911 í sérstökum skóla fyrir stúlkur, því stúlkur máttu ekki læra í sömu skólum og píltar. Siðar komst hún þó í Konunglega danska listaháskólann í sérstaka deild fyrir stúlkur.

Þegar Kristín var ung kona ferðaðist hún vitt og breitt um landið og málæði landslagið eins og karlarnir gerðu en eftir að hún gifti sig og eignaðist börn varð erfiðara að komast út af heimilinu og það sést á verkum hennar. Hún fann sér viðfangsefni inni á heimilinu. Kristín er þekkt fyrir blómamýndir sinar, myndir af uppstillingum ýmissa hluta og fólkis að störfum, sérstaklega öðrum konum. En stundum málæði hún líka landið út um glugga heimilisins við Laufásveginn eins og á þessari mynd.



© Íslenskum Kostumeini / Álynsleif 2000

## Katrín Sigurðardóttir (f. 1967)

### *Green Grass of Home, 1997-1998*

Módel / blönduð tækni, úr krossviði, byggingarefni og líkanaefni, stærð: 46 x 68 x 17 cm (lokað)

Katrín lærði myndlist á Íslandi og í Bandaríkjunum og þar býr hún. Hún hefur gert mörg gríðarstór líkön af landslagi sem áhorfendur geta jafnvæl gengið inn í. Verkið sem hér er sýnt er taska full af görðum sem hún hefur búið í nágrenni við um ævina. Þegar taskan er opnuð koma í ljós mörg líkön af görðum. Í töskunni eru til dæmis Miklatún í Reykjavík (þar sem Kjarvalsstadir eru), Hellisgerði í Hafnarfirði og Central Park í New York.

Katrín hefur gert fleiri listaverk í töskum. Hún ferðast mikið um heiminn og þá kemur sér vel að hafa verkin í töskum. Þá er auðvelt að flytja þau þegar á að sýna þau en einnig á meðan hún er að vinna við þau. Taskan er þá eins konar farandvinnustofa. Þegar töskurnar eru sendar á milli landa eru þær bara með öðrum farangri og fá þá á sig limmiða og aðrar merkingar. Þær verða líka stundum fyrir hnjasí við flutningana en það finnst listakonunni bara betra. Þannig mótað listaverkið af ferðalögnum eins og minningar okkar mótað af reynslunni.



© Katrín Sigurðardóttir / Myndsetur 2006

## Ásmundur Sveinsson (1893-1982)

### Vatnsberinn, 1937

Skulptúr / brons, stærð: 200 cm

Ásmundur var fæddur og uppalinn í Dalasýslu. Hann flutti til Reykjavíkur til að læra að teikna og skera út í tré. Seinna lærði hann meira í Kaupmannahöfn, í Svíþjóð og í Frakklandi þar sem hann bjó um tíma. Ásmundur var einn af brautryðendum íslenskrar höggmyndalistar og vann verk sín í tré, stein, málum og gler.

Margar af höggmyndum Ásmundar sýna verkafolk að störfum enda bar hann mikla virðingu fyrir vinnandi fólk. Þegar Ásmundur var ungr þurfti að bera vatn að hverju einasta húsi í Reykjavík. Þeir sem það gerðu nefndust vatnsberar og voru oft mjög fátaekir. Í augum Ásmundar voru vatnsberarnir hetjur sem stóðust mikil erfiði og hann reisti þeim þetta minnismerki. Stytta eins og þessa má bæði sjá í garðinum við Ásmundarsafn í Reykjavík og í Öskjuhlíðinni.



© Erflingar Ásmundur Sveinssonar / Myndlistar 2006

## Ilmur Stefánsdóttir (f. 1969)

### Hookon-Innkaupahanskar, 2001

Ljósmynd / blönduð tækni (ljósmynd og hanskar), stærð: 50 x 150 cm

Ilmur nam myndlist í Reykjavík og London. Mörgum finnst að listin eigi að veika okkur til umhugsunar um heiminn sem við búum í. Ilmur vinnur hluti sem líkjast venjulegum hlutum sem eru búinir til og seldir til að gera líf okkar auðveldara, þeir eru bara aðeins skrýtnari.

Mörg af listaverkum Ilmar eru sniðugir og skemmtilegir hlutir og eflaust væri heimurinn miklu betri staður ef hugmyndir hennar yrðu að veruleika. Hún hefur til dæmis búið til „uppörvara“, sem er húfa með ljósum á sem gott er að setja upp ef maður þarfnað uppörvunar, og „viðhorfsbreyti“, en það eru gleraugu sem vikka sjóndeildarhring manna.

Ilmur hefur líka tekið þátt í að setja upp leik- og dansssýningar þar sem leikararnir og dansararnir sýna hvernig hægt er að nota listaverkin hennar.



© Ilmur Stefánsdóttir / Myndlistar 2006

## Gunnlaugur Scheving (1904-1972)

### Gamla búðin í Grindavík, 1961

Olia á striga, stærð: 130 x 145 cm

Gunnlaugur Scheving lærði í skóla sem listamennir Muggur og Einar Jónsson starfræktu í Reykjavík en hélt svo til Danmerkur til frekara náms. Í myndum sínum lagði hann áherslu á tjáningu tilfinninga, meðal annars með því að nota sterka liti og ákveðin form. Verk hans tilheyrar listastefnu sem er kölluð expressjónismi, en orðið expression þýðir tjáning. Listamönnum sem aðhylltust þessa stefnu fannst mikilvægara að listaverk sýndu ákveðna tilfinningu en að þau væru nákvæmlega eins og fyrirmynnidin.

Gunnlaugur er þekktastur fyrir myndir sem hann málæði af sjómönnum og sveitum landsins. Hann málæði líka tölувert frá Reykjavík og Grindavík, þar sem hann bjó um tíma. Gunnlaugur málæði gjarna nánasta umhverfi sitt, hversdagslega hluti og vinnandi folk.



© Erfingar Gunnlaugur Scheving / Mynstur 2006

## Erró (Guðmundur Guðmundsson) (f. 1932)

### Tölvum kennt – Sílikondalur, 1990

Olia á striga, stærð: 109 x 71 cm

Erró er einn frægasti íslenski listamaðurinn sem nú er á lifi. Hann lærði á Íslandi og viða um Evrópu en hefur búið í Paris í næri hálfa öld. Hann hefur ferðast og sýnt verk sín um allan heim. Þegar hann var ungar tók hann upp listamannsnafnið Ferró en þar sem annar listamaður kallaði sig einnig því nafni breytti hann því í Erró.

Flest verk Errós eru svokölluð popplistaverk. Í stað þess að mála myndir af fólk eða náttúrunni málar Erró myndir af öðrum myndum og raðar saman á strigann. Myndefnið sækir hann gjarna í teiknimyndasögur, ljósmyndir eða gömul fræg málverk.

Reykjavíkurborg á um þrjú þúsund verk eftir Erró. Flest þeirra gaf listamaðurinn borginni sjálfur. Úrval verka Errós má sjá í Hafnarhúsinu í Reykjavík.



© Listasafn Reykjavíkur / Erróssin

## Guðmundu Andrésdóttir (1922-2002)

### Haustsól, 1973

Ölia á striga, stærð: 100 x 155 cm

Guðmundu lærði myndlist í Svíþjóð og Frakklandi. Verk hennar eru abstrakt eða óhlutbundin myndlist. Það þýðir að þau eru sett saman úr litum, línum og formum en sýna ekki til dæmis fólk eða landslag. Samt getum við vel leikið okkur með merkingu verkanna. Þetta verk er sett saman úr litum, hringjum og láréttum línum. Það heitir „Haustsól“ sem gefur okkur visbendingu um hvernig við getum túkað það.

Í málverkum sínum notaði Guðmundu hringformið mikil og prófaði sig áfram með að mála hringi sem virðast vera á hreyfingu. Hringimur dansa gjarna á sjóndeildarhring úr línum. Guðmundu sýndi með listamönnum sem kölluðu sig September-hópinn því þeir héldu alltaf sýningar í september. Í þessum hópi voru málaraar eins og hún sem fengust við abstrakt-list.



© Erfingar Guðmundu Andrésdóttur / Myndlistafret 2006

## Daði Guðbjörnsson (f. 1954)

### Án titils, án ártals

Teikning, gvass á pappír, stærð: 89,1 x 69,5 cm

Daði lærði myndlist á Íslandi og í Hollandi. Hann er einn af upphafsmönnum „nýja málverksins“ hér á landi. Eftir að hugmyndalistin varð vinsæl fannst mörgum málverk vera gamaldags og ekki hafa neitt að segja lengur. Um 1980 spratt fram hópur ungra listamanna sem vildi mála, en með nýjum áherslum. Líkt og hugmyndalistamönnum fannst þeim myndlist ekki þurfa að vera falleg. Verk þeirra eru hrá, kraftmikil og óbeislud og þau hleyptu nýju lífi í listaheiminnum. Nýrri verk Daða eru enn kraftmikil og full af litum en þau eru líka oft falleg.

Myndin sem hér er birt er málúð með vatnslitum en Daði vinnur líka oliu- og grafíkverk. Í verkum hans birtast oft kunnuglegir hlutir en í undarlegu samhengi. Mörg verka Daða fjalla um myndlistina sjálfa. Til dæmis eru penslar, litir, litaspjöld og grunnformin algeng í verkum hans. Þessi mynd er „án titils“ sem þýðir að listamaðurinn hefur ekki gefið henni nafn.



© Daði Guðbjörnsson / Myndlistafret 2006


## Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885-1972)

### *Skjaldbreiður*, 1957-1962

Olia á striga, stærð: 204 x 154 cm

Kjarval var stoltur af því að vera einn af fyrstu íslensku myndlistarmönnunum. Hann málæði oft landslag og sumir segja að Kjarval hafi kennt Íslendingum að sjá fegurðina í hrauminu og mosanum. Hann ferðaðist um landið og bjó oft í tjaldi í hvaða veðri sem var og ekki bara á sumrin.

Kjarval er sennilega frægastur allra íslenskra myndlistarmanna. Hann lifði lengi og vann mikið og þess vegna eru til mörg verk eftir hann. Þau má finna um allt land því Kjarval ferðaðist viða og borgaði gjarna fyrir gistingu og mat með málverki. Á tvö þúsund króna seðlinum er svo mynd af Kjarval sjálfum.



© Ertugðar Jóhannesar S. Kjarval / Myndlistafélag 2006

## Einar Garibaldi Eiríksson (f. 1964)

### *Sumarnótt á Pingvöllum (J.S. Kjarval)*, 1998

Veggverk úr málmi og plasti, stærð: 50 x 40 cm

Á timum frumherjanna var erfiðara að ferðast um Ísland en nú. Margir Íslendingar ferðuðust aldrei út fyrir sveitina sína og höfðu því fá tækifæri til að skoða landið. Kannski var það þess vegna sem landslag varð svo vinsælt myndefni. En mynd af fjalli er ekki það sama og fjallið sjálf! Myndin er bara túlkun á fjallinu eða tákni fyrir það. Náttúruna má túlka á marga vegu. Skilti sem þýdir athyglisverður staður getur líka táknað náttúru.

Einar Garibaldi lærði myndlist í Reykjavík og á Ítalíu. Í myndlist sinni vinnur hann gjarna með landslag en með allt öðrum hætti en gömlu málararnir gerðu. Ölikt verkum Kjarvals sem kenndu íslendingum að meta urð og grjót, vekja verk Einars athygli á hugmyndinni um íslenskt landslag. Mörg verka hans eru tengd landslagsverkum eldri myndlistarmanna en hann hefur einnig unnið með landslag Íslands á annan hátt, til dæmis með því að búa til listaverk af landakortum.

Í stað þess að sýna okkur Ísland kveikja verk Einars hugmyndir í kolli áhorfandans um landið og náttúruna. Þau benda áhorfandanum á að náttúran sé áhugaverð og hvetja hann til að skoða hana sjálfur.



© Einar Garibaldi Eiríksson / Myndlistafélag 2006

## Karl Kvaran (1924-1989)

### Íþróttamaður ársins, án ártals

Olia á striga, stærð: 130 x 145 cm

Karl Kvaran fæddist á Borðeyri. Hann lærði myndlist á Íslandi og í Dammörku. Málverk hans eru óhlutbundin eða abstrakt eins og það er kallað. Lestu textann um Guðmundu Andrésdóttir á blaðsiðu 99 ef þú vilt rifja upp hvað óhlutbundin list er.

Karl málaði skarpar linur sem mynduðu margvísleg form. Litirnir sem hann notaði voru nokkuð skærir og ekki þeir litir sem við rekurst venjulega á í náttúrunni.

Margir halda að auðvelt sé að mála abstrakt-málverk en svo er alls ekki, alla vega ekki ef maður ætlar að gera það vel. Listamaðurinn þarf að kunna vel á form og myndbyggingu. Karl varði ævinni i að kanna möguleika línumnar og eftir því sem leið á listferilinn notaði hann færri lit, aðallega svartan og hvítan. Karl vildi að allar linur væru hreinar og hvert smáatriði fullkomíð. Ekkert mátti lita út fyrir að hafa gerst óvart.



© Erfingar Karl Kvaran / Myndlistir 2008

## Tryggi Ólafsson (f. 1940)

### Fordi, 1992

Olia á striga, stærð: 140 x 110 cm

Tryggi er fæddur og uppalinn í Neskaupsstað en lærði í Reykjavík og í Konunglegu listaakademíunní í Kaupmannahöfn. Hann hefur búið í Dammörku síðan en sýnt verk sin viða um heiminn.

Eins og Erró vinnur Tryggi í anda popplistarinnar. Þú getur lesið meira um popplist í textanum um Erró á blaðsiðu 98. Myndmál hans er einfalt og einkennist af hreinum afmörkuðum lítaflötum og lí nudregnum formum. Í málverkum sinum raðar hann saman kunnuglegum og framandi hlutum. Hlutirnir geta verið auðþekkjanlegir eða einfaldaðir svo mikil að erfitt er að sjá hverjir þeir eru. Málverk Tryggva eru því oft eins og leikur eða gestaþraut þar sem áhorfendur geta spreytt sig á að þekkja myndefnið. Suma hluti málar hann aftur og aftur eins og skáld sem nota sömu orðin oftar en einu sinni en semja samt alltaf nýja vísu.



© Tryggi Ólafsson / Myndlistir 2008

## Erró (Guðmundur Guðmundsson) (f. 1932)

### Andlitavíðáttá 1992

Olia á striga, stærð: 220 x 490 cm

Flest verka Errós eru samsett úr mörgum ólikum myndum sem raðað er saman í svonefnd samklipp (collage). Samklippinu er svo varpað á striga með myndvarpa og myndin málud alveg eins en miklu stærri. Myndir hans eru því ekki myndir af fólk eða hlutum heldur myndir af öðrum myndum. Á ferðalögum um heiminn safnar Erró myndum. Það skiptir hann ekki máli hvort myndirnar eru fræg listaverk, teiknimyndir, ljósmyndir eða jafnvel auglysingar. Honum finnst gaman að raða saman ólikum myndum og skapa með því nýja mynd. Það er svo okkar verk að skilja hvers vegna hann setur þær einmitt svona saman.

Viðáttuverk Errós eru griðarstórar myndir sem eru settar saman úr mörgum öðrum myndum. Á þessari mynd eru það andlit teiknimyndapersóna sem flæða yfir strigann en Erró hefur gert mörg önnur viðáttuverk. Það skemmtilega við viðáttuverkin er að maður getur skoðað þau endalaust og alltaf fundið eitthvað nýtt.



© Listaverfi Reykjavíkur / Ársmálum

## Hulda Hákon (f. 1956)

### Allir þekkja alla og allir eru tengdir í norðanvindinum út við sjóinn, 1991

Lágmynd, akrylmálning á tré og hydrocol, stærð: 105 x 240 cm

Hulda stundaði myndlistarnám í Reykjavík og New York. Verk hennar eru oft upphleypt og standa út úr veggnum. Slik verk kallast lágmyndir. Lágmyndir eru oft notaðar til að skreyta hús og er viða að finna á gömlum húsum í Reykjavík (þrófað að horfa upp á húsin næst þegar þú ert í miðbæ Reykjavíkur og gáðu hvort þú sérð ekki einhverjar lágmyndir). Lágmyndir Huldu minna á gamlar útskurðarmyndir. Texti er líka oft hluti af verkinu eins og hér er. Í myndum hennar eru oft skemmtilegar sögur sem áhorfandinn þarf að uppgötvá sjálfur. Þegar horft er á þessa mynd vakna spurningar um hvað allt þetta fólk sé að gera við sjóinn, hvernig það tengist og hvers vegna. Dýr og ýmis skrimslí eru algeng í verkum Huldu.



© Hulda Hákon / Ársmálsetur 2008

## Ásmundur Sveinsson (1893-1982)

### Eva yfirgefur Paradís, 1949

Skulptúr / eik, stærð: 58 cm

Höggmyndir (lika kallaðar styttr og skulptúrar) eru listaverk sem hægt er að ganga í kringum og skoða. Ásmundur var þeirrar skoðunar að það ætti ekki að loka myndlist inni á söfnum. Hann vildi hafa höggmyndirnar sínar á gatnamótum og á götum úti svo að sem flestir gætu notið þeirra. Í kringum húsið hans við Sigtún í Reykjavík, þar sem nú er safn tileinkað listsköpun hans, er stór garður fullur af höggmyndum. Ásmundur steypti höggmyndir sínar í mismunandi efni. Þess vegna eru margar þeirra til í ólikum útfærslum og jafnvel ólikum stærðum.



© Erlingur Ásmundar Sveinssonar / Myndlistar 2006

## Gabriela Friðriksdóttir (f. 1971)

### Tvær leiðir í syndinni, 1999

Skulptúr, tré, málæð, hæð: 167 cm

Gabriela lærdi í Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Hún skapar alls konar listaverk. Gabriela býr til skulptúra, teikningar, tónlist og málverk, ýmist ein eða í samstarfi við aðra listamenn. Myndlist hennar er því oft fyrir fleiri skilningarárit en sjónina. Áhorfandinn þarf líka stundum að nota eyrun og jafnvel nefið! Sum verka hennar eru innsetningar þar sem áhorfandanum er boðið inn í listaverkið til að skoða, horfa á kvíkmyndir og hlusta á tónlist. Að skoða slik verk er oft sterkt upplifun.



© Gabriela Friðriksdóttir / Myndlistar 2006

## Muggur (Guðmundur Thorsteinsson) (1891-1924)

Úr fjölleikahúsi, án ártals

Teikning, vatnslitir á pappi, stærð: 24 x 27 cm

Þekkið þið Söguna um Dimmalimm? Guðmundur Thorsteinsson, sem kallaður var Muggur, samdi þá sögu og myndskreytti og gaf litilli frænku sinni. Seinna var bókin prentuð og telst hún vera ein fyrsta íslenska myndabókin handa börnum.

Muggur fæddist á Bildudal. Hann átti ríka foreldra og fjölskyldan lifði fjölbreyttu menningarlifi. Á Bildudal bjó gömul kona sem vann við að segja krökkum sögur. Þegar Muggur varð eldri teiknaði hann myndir við margar af sögunum hennar. Þegar Muggur var tólf ára flutti fjölskyldan til Danmerkur og þar kynntist hann alþjóðlegum lista- og menningarstraumum.

Muggur var sannkallaður fjöllistamaður því hann vann ekki einungis að myndlist, hann lék einnig í leikritum og hélt ýmsar skemmtanir í Reykjavík. Hann lék eitt aðalhlutverkið í kvíkmyndinni Saga Borgarættarinnar (1919) sem er fyrsta kvíkmyndin sem gerð var hér á landi. Muggur lést ungr en sannaði á stuttri ævi að hann var miklum hæfileikum búinn.



## Guðrún Vera Hjartardóttir (f. 1966)

Áhorfandi, 1996

Þrívitt veggverk, lakkatré og leir, stærð: 60 x 55 x 38 cm

Guðrún Vera lærdi myndlist á Íslandi og í Hollandi. Hún hefur gert mörg listaverk sem sýna undarlegar verur. Þær eru flestar fremur smáar, hvorki strákar né stelpur, börn né fullorðnir. Það er ekki hægt annað en láta sér þykja vænt um þessar verur. Þær eru tákni fyrir allar menneskjur en líka engar og áhorfandinn sprýr sig hvaðan þær komi og hvert þær séu að fara.

Verur Guðrúnar eru mótaðar í leir. Verkið „Áhorfandi“ minnir okkur á að listin þarfust áhorfanda, því hún lifir í hugum okkar, spurningum okkar, skoðunum og vangaveltum.



© Guðrún Vera Hjartardóttir / Myndlistar 2008

# Listasafn Reykjavíkur

**Listasafn Reykjavíkur** er til húsa á þremur stöðum í borginni.

Máttarstólparsafnsins eru þrír listamenn, þeir Ásmundur Sveinsson, Erró og Jóhannes Sveinsson Kjarval. Sýningar á verkum þeirra standa árið um kring. Safnið á margar perlur íslenskrar myndlistar en mest áhersla er nú lögð á að sýna og safna samtímalist, auk þess að hlúa að arfleifð þeirra þriggja listamanna sem áður voru nefndir.

**Ásmundarsafn** er helgað verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggyvara og þar eru verk hans sýnd í einstakri byggingu sem listamaðurinn hannaði og byggði að mestu sjálfur. Í gardinum í kringum safnið eru mörg verka hans og gaman fyrir börn og fullorðna að ganga þar um.

Á **Kjarvalsstöðum** er oftast hægt að skoða verk Jóhannesar S. Kjarvals, auk þess sem þar er að finna aðrar sýningar eftir íslenska og erlenda listamenn. Húsið var tekið í notkun árið 1973.

Nýjasta safnhúsíð er **Hafnarhúsið** við Tryggvagötu. Það var tekið í notkun árið 2000. Þar eru ávallt sýningar á verkum Errós, en einnig ýmsar sýningar á verkum íslenskra og erlendra listamanna.

Öflugt fræðslustarf er á Listasafni Reykjavíkur fyrir börn og fullorðna og boðið er upp á leiðsögn um söfnin fyrir einstaklinga og hópa. Nánari upplýsingar um safnið er að finna á [www.listasafnreykjavikur.is](http://www.listasafnreykjavikur.is).

Skodum myndlist - heimsólot í Listasafni Reykjavíkur

© Texti: Margrét Tryggvadóttir 2006

© Teikningar: Anna Cynthia Leplar 2006

Mál og menning, Reykjavík, 2006

Oll réttindi áskilin

Bókin er gefin út í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur 

Verkefnið er styrkt af Barnamenningarsjóði, Barnavinafélaginu Sumargjóf og Menningarsjóði Íslandsbanka og Sjóvar.

Bók þessa má ekki afrita með neinum haetti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hijóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Verk á kápu eru eftir Erró, Ásmund Sveinsson, Mugg og Tryggva Ólafsson.

Fagleg ráðgjöf hjá Listasafni Reykjavíkur: Ólöf K. Sigurðardóttir og Þorbjörg Gunnarsdóttir

Umboð: Anna Cynthia Leplar

Prentun: Norhaven a/s, Danmörku

ISBN 9979-5-2751-6 / 9789979527518







YES SIRE!  
I SHALL....



Pessi bók geymir heilt safn með alls konar listaverkum eftir unga og eldri listamenn. Einn daginn koma þrír krakkar og hundur á safnið. (Venjulega mega hundar ekki fara inn á listasöfn en safnið í þessari bók er alveg einstakt – og hundurinn reyndar líka!) Langar þig að slást í för með þeim? Það gæti orðið bæði fróðlegt og skemmtilegt.

Skoðum myndlist kynnir íslenska myndlist fyrr og nú fyrir börnum á öllum aldri og fjölskyldum þeirra. Bókin sýnir og sannar að myndlist er fyrir alla sem gefa sér tíma til að skoða hana.

### Mál og menning



ISBN 9979-5-2751-6



9 789979 327318